



**TOM er tilraunaverkefni á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.**

**TOM er ætlað börnum sem þurfa aukinn stuðning við málumhverfi.**

- Leikskóli (Holt eða Ösp) bendir foreldrum á TOM
- Foreldrar sækja um
- Talmeinafræðingur metur hvort þörf sé á úrræðinu

**TOM er 6 skipta ráðgjöf á heimili þar sem foreldrar fá þjálfun í að styðja við málþroska barnsins.**

**Markmið TOM er að auka þekkingu foreldra og skólafólks á málþroska og efla málumhverfi barnsins.**

**Foreldrar eru mikilvægasti aðilinn í lífi barna**

## Málþroski skiptir máli fyrir allt lífið!

### *Líðan*

Öll samskipti byggja á því að skilja hvað er sagt og að geta gert sig skiljanlegan.

### *Nám*

Í skóla, íþróttum og öðrum tómstundum er nauðsynlegt að geta skilið fyrirmæli til þess að tileinka sér þekkingu .

Oft er hægt að koma í veg fyrir vandamál með því að bregðast nógu snemma við!

**Ekki bíða og sjá til!**

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Álfabakka 12  
Mjódd  
109 Reykjavík  
411-1300



**Okkar mál**

*Samstarf um menningu,  
mál og lesi í Fellahverfi*

## Málþroski






### Lesið fyrir barnið

Skoðið saman bækur, talið um myndirnar og söguna. Stoppið og spyrjið hvað ætli gerist næst í sögunni og veltið fyrir ykkur hvað þið mynduð gera í sömu aðstæðum. Talið um skráttin og skemmtileg orð.

## Ráð til að styðja við málþroska



### Talið við barnið

Hlustaðu á barnið segja frá því sem því finnst spennandi og skemmtilegt. Sýndu áhuga með því að endurtaka og spyrja út í umræðuefnið.

### Kennið ný orð

Setjið orð á alla hluti og allt sem gerist. Haldið áfram að tala um áhugaverð orð þó barnið eldist.



Dæmi: „Nú förum við í úlpuna því það er svo kalt úti. Brrr... Finnurðu hvað loftið er kalt? Það er frost úti! Þegar við komum aftur inn skulum við hita okkur kakó.“

### Ekki leiðréttu í sífellu

Í stað þess að gagnrýna fyrir að nota rangt mál er betra að endurtaka setninguna eða orðið þannig að barnið heyri rétta orðanotkun eða framburð.

### Takmarkið skjátíma (barna og fullorðinna)

Til þess að mál þroskist þarf barn að eiga samskipti. Sjónvarp veitir barni ekki málörvun nema horft sé með barninu og rætt um það sem gerist jafnóðum.

## Mörg tungumál—gott mál

### Notið móðurmálið

Það skiptir ekki máli á hvaða tungumáli barn lærir nýtt orð eða hugtak. En þitt tungumál skiptir máli í lífi barnsins.

### Finnið barnaefni á tungumáli heimilisins

Ef fjölskyldan er tví- eða fjöltyngd ætti að stilla sjónvarpsefni á tungumál heimilisins. Munið samt að engin afþreying kemur í staðinn fyrir mannleg samskipti.



### Finnið leikfélaga sem tala málið

Börn læra gegnum leik. Með því að hitta önnur börn sem tala sama tungumál læra þau að nota tungumálið í félagslegum aðstæðum. Félagið Móðurmál heldur úti móðurmálsskóla.

### Talaðu við leikskólakennarana um móðurmálið

Á leikskólanum er vel fylgst með þroska barnsins. Þegar börn tala mörg tungumál er erfðara að fylgjast með og meta framfarir. Þess vegna skiptir miklu máli að foreldrar tali um málþroska barnsins við starfsfólk leikskólans og láti vita ef áhyggjur vakna.

### Hlustið saman á tónlist

Hlustið og syngið saman. Börn læra margt um heiminn úr söngtextum. Þau læra líka ný orð og takt tungumálsins í gegnum tónlist.



### Segið barninu sögur

Alls konar sögur virka. Brandarar, ævintýri, sögur úr fjölskyldunni eða af barninu sjálfu. Flest börn elska að heyra sögur frá því þau voru lítil.



### Farið í leiðangra saman

Farið saman í ferð. Það getur verið stutt gönguferð eða langur leiðangur í fjöruna, á leikvöllinn, bókasafnið eða hvert sem ykkur langar. Talið um það sem þið sjáið.

Rifjið upp ferðina þegar heim er komið, þannig festast ný orð í minninu og barnið æfist í að segja frá.

